



**ORKUSTOFNUN**

**Borholur við Suðurá fyrir Þórsbrunn**

**Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð KS-96-10**

### Borholur við Suðurá fyrir Þórsbrunn

Vegna ferilprófunar voru boraðar þrjár holur milli Suðurár og Gvendarbrunnagirðingar dagana 19.-21. febr. 1996. Holurnar fengu heitin 96/1, 96/2 og 96/3. Hóla 96/3 er á fyrirhuguðu byggingarsvæði átöppunarverksmiðju. Hún var boruð í þeim tilgangi að hella ferilefnum þar niður. Hóla 96/2 er 50 m vestar og hóla 96/1 205 m vestar, sem næst í beinni línu frá 96/3. Sýni voru tekin af borsvarfi á 2 m bili og þau greind, en jafnframt fylgst með gangi borunarinnar og innkomu vatnsæða.

Nauðsynlegt reyndist að fódra holurnar niður í gegnum lausan hraunkarga. Fyrir fódringunni var ódexborað og er hún ósteypt, en ekki götuð.

	borað dýpi	mælt dýpi eftir borun	fódring 5 1/2"	dýpi á vatnsborð við lok borunar	fódring neðan vatnsborðs
96/1	14 m	11,80 m	3,70 m	1,60 m	2,10 m
96/2	14 m	11,90 m	4,80 m	2,60 m	2,20 m
96/3	15 m	12,20 m	2,50 m	2,20 m	0,30 m

Fódring í holunum er 5 1/2" og vídd neðan fódringar 4 1/2". Þess var gætt að greitt innrennsli vatns var í holurnar strax við fódringarenda. Neðst í holunum var komið í sandlag. Borað var vel ofan í það og skolað upp úr því (með lofti) til að mynda skáp við hraunbotninn. Holurnar féllu annars saman í sandinum þannig að bordýpi er í öllum tilvikum meira en mælt dýpi eftir borun.

Í holunum eru tvö hraun. Það efra er það elsta af Hólmshrauninum, en það neðra er Leita-hraunið. Millilag kom ekki fram á milli hraunanna. Efra hraunið var 2-3 m þykkt, fremur kargakennt í tveimur vestri holunum en í þeirri austustu '96/1 var það massíft neðst. Mikil vatnsgengd var í öllum holunum bæði ofan til og í neðra hrauninu niður í botn. Það var mat undirritaðs að holur 96/1 og 96/2 væru vel opnar og ágætlega fallnar til þess að rekja slóð ferilefnis svo framarlega sem þær væru í straumstefnu frá 96/3 þar sem því yrði hellt niður.

Kristján Sæmundsson